



## Fundargerð

**Stjórn Vatnajökulsþjóðgarðs - 159. fundur stjórnar Vatnajökulsþjóðgarðs haldinn á fjarfundi, 17. maí 2021, kl. 13:00.**

### Fundinn sátu:

Auður H. Ingólfssdóttir, formaður stjórnar,  
Anna Dóra Sæþórsdóttir, varaformaður stjórnar,  
Anton Freyr Birgisson, formaður svæðisráðs, aðalfulltrúi Skútustaðahrepps,  
Árni Pétur Hilmarsson, formaður svæðisráðs, aðalfulltrúi Þingeyjarsveitar,  
Berglind Harpa Svavarsdóttir, varaformaður svæðisráðs, aðalfulltrúi Múlaþings,  
Matthildur Ásmundardóttir, formaður svæðisráðs, aðalfulltrúi Sveitafélagsins Hornafjarðar,  
Sævar Þór Halldórsson, aðalfulltrúi, tilnefndur af umhverfisverndarsamtökum,  
Snorri Ingimarsson, aðaláheyrnarfulltrúi, tilnefndur af Samtökum útivistarféлага,  
Ágúst Elvarsson, aðaláheyrnarfulltrúi, tilnefndur af ferðamálasamtökum á svæði Vatnajökulsþjóðgarðs,  
Magnús Guðmundsson, framkvæmdastjóri Vatnajökulsþjóðgarðs,  
Ingibjörg Smáradóttir, sérfræðingur á skrifstofu Vatnajökulsþjóðgarðs.

### Gestir:

Jóhanna Katrín Þórhallsdóttir, verkefnastjóri stjórnunar- og verndaráætlunar,  
Steinunn Hödd Harðardóttir, þjóðgarðsvörður á suðursvæði,  
Valbjörn Steingrímsson, fjármálastjóri Vatnajökulsþjóðgarðs.

### Fjarverandi / Boðuð forföll:

Vilhjálmur Árnason, varamaður formanns stjórnar,  
Jóhann F. Þórhallsson, formaður svæðisráðs, aðalfulltrúi Fljótsdalshrepps.

#### 1. Svæðisráð austursvæðis - 103 - 2104007F

Formaður svæðisráðs austursvæðis fór yfir fundargerð austursvæðis.

#### 2. Svæðisráð norðursvæðis - 81 - 2104008F

Formaður svæðisráðs norðursvæðis fór yfir fundargerð norðursvæðis.

#### 3. Svæðisráð vestursvæðis - 96 - 2104009F

Formaður svæðisráðs vestursvæðis fór yfir fundargerð vestursvæðis.

#### 4. Svæðisráð suðursvæðis - 94 - 2104006F

Formaður svæðisráðs suðursvæðis fór yfir fundargerð suðursvæðis.

#### 5. Svæðisráð suðursvæðis - 95 - 2105001F

Formaður svæðisráðs suðursvæðis fór yfir fundargerð suðursvæðis.

## 6. Rekstur 2021 - 2101030

Fyrir fundinum lágu gögn um rekstur þjóðgarðsins frá janúar til og með mars 2021.

### Gestir

Valbjörn Steingrímsson, fjármálastjóri Vatnajökulsþjóðgarðs - 13:30

*Rekstur stofnunarinnar er almennt í ágætu jafnvægi eftir fyrstu þrjá mánuði ársins en sértekjufall og óvissa vegna Covid-19 faraldursins og hefur áfram neikvæð áhrif á niðurstöðuna.*

## 7. Ársreikningur 2020 - 2105051

Fyrir fundinum lágu drög að ársreikningi vegna ársins 2020.

### Gestir

Valbjörn Steingrímsson, fjármálastjóri Vatnajökulsþjóðgarðs - 13:35

*Ársreikningur Vatnajökulsþjóðgarðs fyrir árið 2020 sýnir jákvæða niðurstöðu upp á 171.6 mkr. Að frádregnum halla frá árinu 2017 er höfuðstóll þjóðgarðsins nú orðinn jákvæður gagnvart ríkissjóði um 20 mkr. Þessi upphæð flyst á milli ára.*

*Stjórn fagnar jákvæðri rekstrarniðurstöðu þjóðgarðsins. Stjórnendum og starfsmönnum Vatnajökulsþjóðgarðs er þakkað sérstaklega fyrir góðan og faglegan rekstur þar sem gætt hefur verið mikils aðhalds og ráðvendi.*

## 8. Skaftafell - Framtíðarsýn og stefnumótun - 1909031

Fyrir fundinum lá tillaga svæðisráðs suðursvæðis um þá valkosti sem kynntir voru af vinnuhópi og tillaga um húsnæðismál ferðapjónustuaðila í Skaftafelli.

### Gestir

Steinunn Hödd Harðardóttir, þjóðgarðsvörður á suðursvæði - 13:50

Jóhanna Katrín Þórhallsdóttir, verkefnastjóri stjórnunar- og verndaráætlunar - 13:50

*Stjórn samþykkir tillögu svæðisráðs um þá valkosti sem kynntir voru af vinnuhópi um framtíðarsýn fyrir Skaftafell. Málinu vísað áfram í ferli deiliskipulags. Eftirfarandi er úrdráttur þeirra tillagna:*

### Búseta starfsfólks

*Í Sandaseli verði lítil íbúðabyrping sem hýsir 3-5 fjölskyldur fastra starfsmanna með heilsársbúsetu á svæðinu og 5-10 litlar íbúðir fyrir einhleypa og tímabundna starfsmenn. Aðrir starfsmenn búa á nærsvæðum.*

### Aðstaða einkafyrirtækja

*Í Skaftafelli verði aðstaða fyrir sölubása með samræmdu útliti sem fyrirtæki í kring geta nýtt sér og safnstaður fyrir ferðir ("meeting point?"). Einnig starfsmannaaðstaða fyrir veru starfsmanna yfir daginn. Önnur aðstaða fyrirtækja er utan þjóðgarðs.*

### Framboð þjónustu

*Skaftafell verði áhugaverður viðkomu- og dvalarstaður ólíkra hópa sem vilja kynna sér náttúru svæðisins í bland við slökun og samveru með vinum og vandamönnum. Öll aðstaða sem þarf til nokkurra daga dvalar sé fyrir hendi.*

### Gestastofa

Í Skaftafelli verði falleg en látlaus gestastofa, mögulega í núverandi húsi með viðbótum, með veglegri sýningu sem fjallar um sérstöðu svæðisins og setur það í stærra samhengi loftslagsbreytinga.

### Þjónusta við nærsamfélag

Helsta samfélagshlutverk þjóðgarðsins snúi að öryggi íbúa og gesta í Öræfum. Þar verði góð aðstaða fyrir viðbragðsaðila eins og björgunarsveitir, lögreglu og slökkvilið og fjöldahjálparstöð í neyð.

### Húsin í heiðinni

Með nauðsynlegum endurbótum verði Hæðir og Bölti notuð sem íbúðir fyrir starfsfólk og jafnvel bætt við nýjum íbúðarhúsum á þeim slóðum.

### Fulltrúi náttúruverndarsamtaka bókar eftirfarandi:

„Margt af þessu hljómar mjög vel, ég set þó spurningamerki við valkost 1 í kaflanum Húsin í heiðinni og vær frekar til í meiri blöndu af Valkost 2: „Aðeins Hæðir eru notaðar sem íbúðarhús en Bölti fær annað hlutverk, t.d. sem lítil sýning um búsetu í Skaftafelli“ og Valkost 3: „Öll húsin í heiðinni fá nýtt hlutverk, t.d. sem sýningaraðstaða með áherslu á sögu búsetu í Skaftafelli. Útbúa mætti litla stúdíóíbúð fyrir fræði- eða listafólk sem notuð er yfir sumarið.“ Hægt væri að byrja á endurbótum til þess að hægt sé að nýta húsnæði í Skaftafelli fyrir starfsfólk en búseta myndi svo færast niður í íbúðabyggð við Sandasel og á aðra staði í Öræfum. Ég legg til að sá valkostur verði metinn í deiliskipulagi. Ég set einnig spurningamerki við íbúðabyrpingu s.s. valkost 3 í Búsetu starfsfólks. Þegar sá valkostur verður metinn í deiliskipulagi þá legg ég áherslu á að hann verði smár í sniðum.“

### Varaformaður bókar eftirfarandi:

„ADS lét bóka sérálit. Annars vegar telur hún að óæskilegt bæta við nýjum íbúðum í nágrenni við Hæðir og Böltu. Hins vegar telur hún óæskilegt að byggja upp íbúðabyrpingu fyrir starfsfólk þjóðgarðsins í Sandaseli. Vissulega þurfi að byggja upp aðstöðu fyrir starfsfólk vegna sólahringsviðveru starfsfólks allt árið en það réttlætir ekki húsnæði fyrir 3-5 fjölskyldur og 5-10 íbúðir fyrir einstaklinga.“

### Bráðabirgðahúsnæði ferðþjónustuaðila í Skaftafelli

Stjórn samþykkir einnig tillögu svæðisráðs um húsnæðismál ferðþjónustuaðila í Skaftafelli sem felst í því að rekstraraðilum verði gert að fjarlægja bráðabirgðahúsnæði fyrir starfsmenn sína fyrir 1. október 2021.

## **9. Stjórnunar- og verndaráætlun Jökulsárlón og þjóðlendur - (Breiðamerkursandur) - 1709003**

Fyrir fundinum lágu drög að viðauka vegna Breiðamerkursands við S&V Vatnajökulsþjóðgarðs til samþykktar.

### Gestir

Steinunn Hödd Harðardóttir, þjóðgarðsvörður á suðursvæði - 13:50

Jóhanna Katrín Þórhallsdóttir, verkefnastjóri stjórnunar- og verndaráætlunar - 13:50

Stjórn samþykkir framlagða tillögu að viðauka stjórnunar- og verndaráætlunar Vatnajökulsþjóðgarðs fyrir Breiðamerkursand án athugasemda. Tillagan hefur farið í umsagnaferli og hefur svæðisráð suðursvæðis unnið úr ábendingum sem bárust. Stjórn leggur til að tillagan verði send umhverfis- og auðlindaráðherra til staðfestingar og

*auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda skv. lögum um Vatnajökulspjóðgarð nr. 60/2007.*

#### **10. Stjórnunar- og verndaráætlun VJP 2020 - 2023 - 1909029**

Lögð fram breytingartillaga vegna grunnendurskoðunar á stjórnunar- og verndaráætlun og tillaga um kynningarferli.

##### **Gestir**

Jóhanna Katrín Þórhallsdóttir, verkefnastjóri stjórnunar- og verndaráætlunar  
Vatnajökulspjóðgarðs - 15:00

*Stjórn samþykkir án athugasemda að framlögð tillaga að breytingum á stjórnunar- og verndaráætlun Vatnajökulspjóðgarðs verði auglýst í samræmi við 12. gr. laga um Vatnajökulspjóðgarð og kynnt á veffundum sem auglýstir verði samtímis tillögunni. Frestur til athugasemda verði til 9.ágúst 2021.*

#### **11. Skýrsla framkvæmdastjóra - 1808006**

Framkvæmdastjóri fór yfir helstu mál frá síðasta stjórnarfundi.

**Fundargerð ritaði:** Ingibjörg Smáradóttir, fundarritari.

Fundi slitið kl. 16:00.